

Fundur 14.október 2004

Ár 2004 þann 14.október kom skipulags-, bygginga- og hafnarnefnd saman til fundar á Reykhólum. Mættir allir aðalmenn auk byggingarfulltrúa og sveitarstjóra er reit fundargerð.

#### BYGGINGA- OG SKIPULAGSMÁL

1) Erindi frá Olúfúlaginu ehf í Reykjavík, sem óskar eftir að fá að setja upp auglýsingaskilti við Jónsbúð á Reykhólum. Samþykkt.

2) Erindi frá Höllu Dís Hallfreðsdóttur og Helga Björgvini Haraldssyni í Stykkishólmi (lóðaumsókn í Flatey). Vísað til hreppsnefndar.

3) Erindi frá Hallfríði Valdimarsdóttur og Eggert Ólafssyni annars vegar og Guðrúnu Guðmundsdóttur og Birni Fannari Jóhannessyni hins vegar (umsókn um tvær lóðir á Reykhólum). Um er að ræða lóðirnar nr. 50 og 52 við Hellisbraut. Ætlunin er að byggja þar tvö einbýlishús úr timbri sem eru hvort um sig tæplega 200 fermetrar að stærð með bílskúr. Lagðar voru fram ófullgerðar teikningar að húsunum frá teiknistofunni Kvarða. Teikningar samþykktar með fyrirvara um að endanlegar teikningar berist síðar. Samþykkt að úthluta umræddum lóðum til ofangreindra aðila. Rætt um gatnagerðargjöld og þeirri ákvörðun vísað til hreppsnefndar.

4) Erindi frá teiknistofunni Skólavörðustíg 28 ehf. Um er að ræða smávægilegar breytingar á uppdrætti að skólahúsinu í Flatey. Breytingarnar felast í nýjum glugga á geymslu til norðurs, lokun á lofti yfir svefnherbergi og sameiningu herbergisnúmera 0105 og 0106 í geymslu í eitt númer: 0105. Enn fremur fylgja uppdrættir af skjólvegg á norðausturhorni lóðar, hlöðnum og úr timbri með gleri í einum ramma. Breytingar á skólahúsi samþykktar. Skjólvegg úr timbri og gleri hafnað. Áhersla lögð á að umhverfi hússins verði sem upprunalegast.

5) Erindi frá Jóhannesi Árnasyni á Hyrningsstöðum. Óskar eftir byggingarleyfi fyrir sumarhús sem þar stendur en byggingarleyfi hefur aldrei verið gefið út. Lagður fram uppdráttur. Málinu frestað og óskað eftir betri uppdrætti.

Byggingarfulltrúi yfirgaf fundinn kl. 11:30

Bogi Kristinsson Magnusen(sign)

#### HAFNAMÁL

1) Rekstrarreikningar Reykhólahafnar 2001,2002 og 2003 (unnir af endurskoðanda hreppsins að beiðni Siglingastofnunar). Lagðir fram til kynningar.

2) Tilkynning um nýja reglugerð: "Um móttöku á úrgangi frá skipum", sem gefin er út af umhverfisráðuneytinu. Lögð fram til kynningar.

3) Stöðumat varðandi skip og báta í óreiðu við hafnir og strendur landsins, erindi frá umhverfisráðuneytinu. Lagt fram til kynningar.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:15

Þórður Jónsson (sign)

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)